

- i. ákvæði 5. gr. laga nr. 12/1981, um verðlagsaðhald, lækkun vörugjalds og bindiskyldu innlánsstofnana,
- j. ákvæði 26. gr. laga nr. 43/1984, um ráðstafanir í ríkistjármálum, peninga- og lánsfjármálum 1984.

Ákvæði til bráðabirgða.

I

Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa fimm menn í bankaráð Seðlabankans og jafnmarga til vara. Frá sama tíma fellur niður umboð þeirra er þá sitja í bankaráðinu.

II

Við gildistöku laga þessara skal Alþingi kjósa tvo skoðunarmenn fyrir Seðlabankann.

III

Ákvæði 37. gr. um ráðstöfun tekjuafgangs Seðlabankans til ríkissjóðs koma fyrst til framkvæmda vegna rekstrarársins 1985.

IV

Seðlabankinn ákveður hæstu leyfilega dráttarvexti, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., uns sett hafa verið sérstök lög um dráttarvexti o.fl.

V

Við ákvörðun á greiðslu hagnaðar Seðlabankans í ríkissjóð á árinu 1986, sbr. 37. gr., skal miða við helming af meðalhagnaði bankans árin 1985 og 1984 og endurmeta hagnað ársins 1984 til verðlags ársins 1985.

Gjört í Reykjavík, 5. maí 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

LÖG

um breytingu á lögum nr. 45/1971, sbr. breytingarlög nr. 68/1973 og nr. 60/1978, um Stofnlánadeild landbúnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í 5. gr. laganna bætist nýr tölul. í stað 2. tölul., sem felldur var niður með 2. gr. laga nr. 60/1978, svohljóðandi:

Til að breyta í föst lán lausaskuldum bænda vegna fjárfestingar í búrekstri á jörðum þeirra, svo og lausaskuldum vegna jarðakaupa, véla-, bústofns- og fóðurkaupa, eins og nánar greinir í 12. gr. þessara laga.

2. gr.

Í stað 12. gr. laganna, sem felld var niður með 5. gr. laga nr. 60/1978, kemur ný 12. gr. og orðast svo:

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að yfirtaka allar eignir og skuldir og öll réttindi og skyldur veðdeildar Búnaðarbanka Íslands vegna breytingar á lausaskuldum bænda í föst lán árin 1962 til 1985. Stofnlánadeildin skal þó ekki yfirtaka hærri skuldir frá veðdeild Búnaðarbanka Íslands en sem svarar verðmæti og greiðslukjörum (vextir, verðtrygging, gjaldmiðlar) þeirra bankavaxtabréfa sem Stofnlánadeildin eignast.

Stofnlánadeild landbúnaðarins er heimilt að gefa út bankavaxtabréf sem skulu notuð til að skuldbreyta eldri lánnum veðdeildar Búnaðarbankans vegna lausaskulda bænda sem veitt voru skv. lögum nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984 og enn fremur til að veita ný slík lán framvegis ef til kemur.

Ákvæði laga nr. 34/1979, um veðdeild Búnaðarbanka Íslands, skulu gilda eftir því sem við getur átt um útgáfu bankavaxtabréfa Stofnlánadeildar landbúnaðarins skv. þessari grein auk ákvæða laga nr. 15/1962, 31/1969, 33/1979 og 12/1984, um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán, að því breyttu að Stofnlánadeildin komi þar í stað veðdeildar Búnaðarbankans.

Ákvæði laga nr. 45/1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, gilda um allar lánveitingar og lánskjör á lánnum vegna lausaskulda bænda.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 23. apríl 1986.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Jón Helgason.

LÖG**um Útflutningsráð Íslands.****FORSETI ÍSLANDS**

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Stofna skal Útflutningsráð Íslands er hafi það hlutverk að koma á auknu samstarfi fyrirtækja, samtaka og stjórnvalda í málum, er lúta að eflingu útflutnings, og veita útflytjendum alhliða þjónustu og ráðgjöf í því skyni að greiða fyrir og auka útflutning á vöru og þjónustu. Enn fremur skal Útflutningsráð vera stjórnvöldum til ráðuneytis í málum sem varða utanríkisviðskipti Íslendinga.

2. gr.

Heimili og varnarþing Útflutningsráðs Íslands skal vera í Reykjavík.